



Rýmingaráætlun Grunnskólans í Breiðdalshreppi við eldsvoða.

1. Ef vart verður við reyk eða að eldur sé laus í húsakynnum skólans skal láta kennara eða aðra starfsmenn vita af því strax og skulu þeir koma boðum til allra kennara í stofum.
2. Strax skal hringja í 112 og tilkynna um ástand.
3. Ef starfsmaður getur ekki slökkt eld strax með slökkvitæki eða brunaslöngu skal hann loka því rými sem eldur er laus í til að hindra útbreiðslu á eldi og reyk.
4. Kennarar í kennslustofum bera ábyrgð á sínum hóp. Nauðsynlegt er að allar aðgerðir kennara séu framkvæmdar á rólegan og yfirvegaðan hátt til að forðast ótta og skipulagsleysi. Hann hugar að flóttaleið og velur auðveldustu leið út strax. Börnin haldi hvert í annað og gangi þannig í röð út. Ef ekki verður komist út um dyr skal nota glugga í neyð. Fara skal rակleidis með börnin í íþróttahús.
5. Skráningaraðili (skólastjóri/aðstoðarskólastjóri) skal staðsettur úti við aðalinngang og taka við upplýsingum um fjölda barna frá kennara, sem kemur út með sinn bekk. Hann verður tengiliður við björgunaraðila. Ef í ljós kemur að barn vantar skal koma boðum til skráningaraðila.
6. Rýmingaráætlun er alltaf að finn uppi á vegg við aðalinngang og í skólastofum. Þar er líka að finna gátlista fyrir starfsfólk og nafnalista nemenda.



Gátlisti kennara og starfsmanna í stofum ef upp kemur eldur í skólahúsnæði.

1. Skoðið aðstæður og veljið rýmingarleið
2. Gangið með börnin þá leið út sem valin hefur verið að söfnunarsvæði við íþróttahús.
3. Komið nöfnum á þeim sem vantar í hópinn til skráningaraðila.
4. Gerið nafnakall aftur þegar komið er út á söfnunarsvæði og staðfestið talningu til skráningaraðila.

Slökkvilið Fjarðabyggðar aðalvaktstöð

470-9080